

21. mars 1975.

79

Nr. 59.

## REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netaveiðisvæði í Faxaflóa.

### 1. gr.

Frá birtingu reglugerðar þessarar til 1. júní 1975 eru allar veiðar í botnvörpu og flotvörpu óheimilar á svæði, innan lína, sem dregnar eru réttvísandi vestur frá Stafnesi og réttvísandi suður frá Malarrífsvita.

### 2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. mars 1975.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*